

HELGIN FRAMUNDAN

Uppreisn á Ísafirði

Leikrit Ragnars Arnalds **Uppreisn á Ísafirði** verður á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu á laugardagskvöld. Leikstjóri var Brynja Benediktsdóttir og leiktjaldahönnuður Sigurjón Jóhannsson.

Uppreisnin fjallar bæði á gamansaman og áhrifamikinn hátt um hin sögufrægu Skúlumál og atburði sem þeim tengdust í Kaupmannahöfn, Reykjavík og á Ísa-

firði í lok síðustu aldar. Bæði sögufrægar, gleymdar og skáldaðar persónur koma við sögu í þessari fjölmennu og víðamiklu sýningu, en í helstu hlutverkum má nefna: Róbert Arnfinnsson, Randver Þorláksson, Kjartan Bjargmundsson, Lilju Þórisdóttur, Lilju Guðrúnu Þorvaldsdóttur og Helga Skúlason.




Örn Arnason í hlutverki Jóna búðarmanns og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir sem Diana.

Sýningar Þjóðleikhússins um helgina Óperan Tosca

Á föstudags- og sunnudagskvöld verða sýningar á óperunni **Tosca** eftir Puccini, sem frumsýnd var um síðustu helgi við mikinn fögnuð áhorfenda. Hljómsveitarstjóri er Maurizio Barbacini, en leikstjóri var Paul Ross. Gunnar Bjarnason er hönnuður leikmyndar og búninga, en ljóshönnuður er Kristinn Danielsson.


Elisabet F. Eiríksdóttir fer með hlutverk óperusöngkonunnar **Flora Tosca**. **Kristján Jóhannsson** túlkar elskhuga Toscu, listmálarann **Cavaradossi**, en Kristján hefur undanfarið gert garðinn frægan í *The New York City Opera*, en þar syngur hann **Rudolfo** í *La Bohème* og **Faust** í samnefndri óperu. Bandaríski barítónsöngvarinn **Malcolm Arnold** syngur og leikur **Scarpia**, lögreglustjóra, sem eins og fleiri girmist Toscu hina fögru.

Í helstu hlutverkum öðrum eru: **Viðar Gunnarsson** (Angelotti), **Sigurður Björnsson** (Spoletta), **Sigurður Bragason** (Sciarrone),



Elisabet F. Eiríksdóttir sem **Flora Tosca** og **Malcolm Arnold** í hlutverki **Scarpia** lögreglustjóra.

Guðjón Óskarsson (Djárninn) og **Stefán Arngrímsson** (fangavörður). Auk þeirra taka stór hljómsveit, Þjóðleikhúskórinn, drengjakór og aukaleikarar þátt í sýningunni. Samtals er um 150 manns á sviði og í gryfju.



Birgitta Ulfsson og Erna Tauro í Norræna húsinu

Laugardaginn 18. október kl. 16.00 verður flutt í Norræna húsinu dagskrá, þar sem tveir góðir gestir frá Finnlandi koma fram; leikkonan **BIRGITTA ULFSSON** og lagahöfundurinn og píanóleikarinn **ERNA TAURO**. Dagskrána nefna þær „PÁ KÄNSLIGA FOT-SULOR“. **Birgitta Ulfsson** les upp ljóð og syngur vísur við undirleik **Ernu Tauro**, en hún hefur samíð all flest lög. Dagskráin hefst með upplestri úr *Kalevala*, en síðan flytur **Birgitta Ulfsson** ljóð eftir þekktu finnska höfunda og má nefna *Runeberg*, *Diktonius*, *Lars Huldén*, *Solveig von Schultz*, *Bengt Ahlfors* o.fl. Þær **Birgitta** og **Erna Tauro** hafa flutt þessa dagskrá víða í Svíþjóð og alls staðar hlotið mikið lof fyrir í sænskum blöðum.


Sunnudaginn 19. október fara þær til Akureyrar, þar sem þær skemmta í „Fíðlaranum“ kl. 15.00.

Birgitta Ulfsson og **Erna Tauro** eru leikhúsgestur hér að góðu kunnar, en þær hafa báðar komið og skemmt á Listahátíð. **Birgitta**

Ulfsson kom fram á Listahátíð 1984 ásamt sænsku leikkonunni **Stínu Ekblad** og fluttu þær dagskrá undir nafninu „När man har känslor“ og var flutningur þeirra ógleymanlegur þeim sem sá. **Erna Tauro** vann með Leikfélagi Reykjavíkur er það setti upp „Leikhúsálfana“ eftir **Tove Jansson** á Listahátíð 1972, en **Erna Tauro** samdi tónlistina við leikritið.

Birgitta Ulfsson hefur leikið frá 1950 og var hún um 20 ára skeið ráðin við Lilla Teatern í Helsinki. 1982 flutti hún til Svíþjóðar, þar sem hún hefur starfað m.a. við Alþýðuleikhúsið í Gautaborg. Auk þess hefur hún leikið í kvikmyndum, í sjónvarpi og í útvarpi.

Erna Tauro nam við Sibelius-akademíuna í Helsinki. Að námi loknu réðst hún til Lilla Teatern sem hústónskáld og undirleikari og sló í gegn er hún samdi tónlist við vísur **Tove Jansson** um múm-ínálfana. Hún hefur búið í Svíþjóð um árabil og m.a. kennt við leiklistarskóla ríkisins þar.



„Skissa“ '86

Sýning í Gallerí Hallgerði

Laugardaginn 18. október kl. 14.00 opnar **Guðrún Gunnarsdóttir** textillistakona sýningu á vefnaði og klippimyndum í Gallerí Hallgerði, Bókhöfundastíg 2, Reykjavík.

Guðrún hélt fyrstu einkasýningu sína í Gallerí Langbrók árið 1981, en hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis undanfarin 8 ár.

Öll verkin á sýningunni eru unnin á árinu 1986.

Sýning á svartlist frá Úzbekistan

Sýning sú frá Úzbekistan, sem sett var upp í húsakynnum MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjaanna að Vatnastíg 10 í tilefni Sovéskra daga 1986, verður opin um helgina, á laugardag og sunnudag kl. 14-18. Á sýningunni eru 82 svartlistarmyndir eftir 23 úzbeska myndlistarmenn, allmargar teikningar eftir börn og unglinga, bækur, ljósmyndir, auglýsingaspjöld og listmunir. Aðgangur að sýningunni er ókeypis og öllum heimili.



Pétur Halldórsson í Listasafni ASÍ

Nú stendur yfir málverkasýning **Péturs Halldórssonar** í Listasafni ASÍ. Grensásvegi 16, efstu hæð. Þetta er fyrsta einkasýning **Péturs** og eru á henni 25 myndir, aðallega oliu- og akrýlmálverk. Sýningin er opin virka daga kl. 16-20 og um helgar kl. 14-22. Kaffiveitingar um helgar.

ÍSLENSK GRAFÍK '86 á Kjarvalsstöðum

Íslensk grafík heldur nú sína stærstu og fjölbreyttustu samsýningu á verkum félagsmanna. Á sýningunni eru 155 verk eftir 32 félagsmenn.

Sýningin á íslenskrí grafík að Kjarvalsstöðum er opin daglega kl. 14.00-22.00 og lýkur á sunnudagskvöld.



Mynd eftir **Friðríku Geirsdóttur**: Engill.

Leiksýningar í Iðnó um helgina: Síðustu sýningar á Svartfugli

Nú er komið að því að hin áhrifamikla uppfærsla Leikfélags Reykjavíkur á **Svartfugli** verði að vikja fyrir öðrum verkefnum.

Leikgerð **Brietar Héðinsdóttur** á þessari frægu skáldsögu **Gunnars Gunnarssonar** hefur nú verið sýnd við mjög góðar undirtektir frá því um mitt síðasta leikár.


Í **Svartfugli** segir frá frægum morðmálum vestur á Rauðasandi í byrjun níjándu aldar. Þar er sögð mögnuð og áleitín saga.

Með helstu hlutverk fara **Sigurður Karlsson**, **Margrét Helga Jóhannsdóttir**, **Jakob Þór Einarsson**, **Þorsteinn Gunnarsson** og **Gisli Rúnar Jónsson**.

Svartfugl er sýndur á sunnudag, og er það auglýst sem síðasta sýning.



Þorsteinn Gunnarsson og **Jakob Þór Einarsson** í hlutverkum sínum sem **Eyjólfur Kolbeinsson** kapellán – eldri og yngri.



Á myndinni leika **Helgi Björnsson** og **Guðbjörg Thoroddsen** kirkju!

Upp með teppið, Sólmundur!

„Nú er áskriftarsýningum á **Upp með teppið**...lokið og því er tilvalið jafnt fyrir einstaklinga sem stóra hópa að lyfta sér upp í Iðnó

með **Sólmundi** og öðrum eldhressum frumkvöðlum Leikfélags Reykjavíkur,“ segir í fréttatilkynningu frá LR.



Kristinn Sigmundsson sem **Luna greifi** og **Viðar Gunnarsson** sem **Fellando** í *Il Trovatore*.

Íslenska óperan:

IL TROVATORE á laugardagskvöld

Óperan *Il Trovatore* eftir **Verdi** verður sýnd í Íslensku óperunni á laugardagskvöld kl. 20.00. Stjórnandinn í þetta sinn heitir **Cem Mansur** og kemur frá Þjóðaróperunni í Istanbul í Tyrklandi. Þetta er tuttugasta og fimmta sýningin á *Il Trovatore*, en sl. voru sýningar alls 18.

Sigurður Steinþórsson sagði í gagnrýni sinni í Tímanum 16/4 sl.: „... hins vegar kann þetta að vera besta sýning sem hér hefur sést. Allt fór saman; leikstjórn og hljómsveitarstjórn, söngur, leikur, búningar, sviðsmynd, lýsing – bókstaflega allt var vel gert og vel heppnað.“